

## Múgmessan í kvenfrelsunarkirkjunni. Fokk feðraveldinu

Í árdaga mannskyns tóku karldýrin upp það háttalag, að vaka yfir afkvæmi sínu og móður þess og sjá þeim fyrir viðurværi. Það varð forsenda þróunar tegundarinnar og vísir að því fjölskyldumynstri, sem mannkyn hefur búið við fram á okkar daga.

Þannig urðu til kynhlutverkin, að mestu leyti sjálfgefin. Karlar drógu björg í bú, fóru til veiða og þjálfuðu syni, dóttur- og sonarsyni til karlmennsku. Konur sinntu öðru ungviði heima við, kenndu því tungumálið og viðeigandi siði, sáu að mestu leyti um matseld, öfluðu fæðu úr jarðargróðanum, og stunduðu minni háttar veiðar í grennd við híbýlin. Hermennska féll sjálfgefið í hlut karla. Það kom af sjálfu sér, að karlar réðu ríkjum á þeim sviðum mannlífsins, sem þeim féll í skaut, konur á sínum.

Þetta fyrirkomulag var við lýði í sinni tærustu mynd fram á tækniöld. Tækniöldin hafði það m.a. í för með sér, að heimilisstörf urðu léttari, sérstaklega hjá efnaðri millistéttum. Þeim fór að leiðast eins og yfirstéttarkonunum.

Aldargamlar hugmyndir vansælla yfirstéttarkvenna um kúgun af hálfu karla fengu því aukinn hljómgrunn. Karlarnir voru gerðir ábyrgir fyrir vansældinni.

Umrót í kjölfar heimstyrjaldanna hafði einnig skapað margvíslega ólgu, hrist upp í fornum síðum og reglum, ásamt því að gera konur fyrirvinnulausar og börn föðurlaus, að umfangi, sem aldrei hafði áður sést í samfélagi manna. Meðan karlar voru uppteknir við að drepa, hlupu konur í skarðið fyrir þá í framleiðslunni, t.d. við að framleiða drápstól.

Í kjölfar heimstyrjaldanna skapaðist því kjörinn jarðvegur til hjarðstýringar inn á nýjar brautir. Iðnjöfrar og bankamenn, sem ött höfðu mannkyni út í áðurgreinda hildarleiki, sáu sér nú leik á borði. Þeir tóku að sér og fjármögnuðu kvenfrelsaranna, sem boðuðu þá trú, að hjónaband og heimili stæði í vegi fyrir frelsun kvenna. Í launavinnu væri frelsi og sjálfstæði fólgið.

Iðnjöfrunum var þessi söngur sérstaklega þóknanlegur. Vinnufúsum höndum fjölgaði á vinnumarkaði og verðgildi vinnunnar hríðféll. Samtímis jókst gróði þeirra. Þetta var að sönnu snilldarbragð. Nú þarf nefnilega tvær fyrirvinnur heimilis (oft eru skattgreiðendur önnur þeirra), þar sem ein dugði áður.

Sigurvegarinn í þessari kvenfrelsun eru atvinnurekendur og stjórnámálamenn, sem aðhyllast ríkisforsjá og -uppeldi. Heimilin eru orðin eins konar umferðarmiðstöð með svefnaðstöðu. Börn biðu stærsta ósigurinn.

„Feðraveldið“ stökk alskapað úr höfði vansældarkvenfrelsaranna. Það eru samtök , að sögn stofnuð af körlum í örófi alda til að kúga konur, beita þær ofbeldi og gera að þrælum sínum.

Þessi bábilja hefur smám saman orðið að trúarbrögðum og undið geigvænlega upp á sig, tekið sér bólfestu í landslögum og alþjóðasamþykktum. Það er fleira skrítið í hausi kvenfrelsaranna eins og kúnna.

Þeir komu t.d.. á fót vísindum (gender studies), sem óspart er beitt til skjóta vísindalegum stoðum undir vansæld þeirra og bábiljur. Sannanir um brenglun karla á öllum sviðum koma á færibaldi eins og eittraða karlmennskan, kynofbeldið, launakúgunin og þriðja vaktin, þ.e. að enn séu konur kúgaðar á heimilunum (þó varla á kvennaheimilunum, sem fjölgar stöðugt).

Eins og iðulega er með trúarhreyfingar er kvenfrelsunarkirkjan rökheld. Það má einu gilda, hversu oft er greint frá niðurstöðum alvöru vísindamanna, þess efnis, að heimilisofbeldi sé svipað af hálfu beggja kynja, að (sáralítill) launamunur skýrist af starfsvali og vinnutíma kynjanna og að „kynbundið ofbeldi“ sé svo síbreytilegt hugtak og óskýrt, að það sé ekki mark á því takandi, huglæg skynjun konu. Kynjafræðingar hafa meira að segja fullyrt, að kynlíf í sátt og samlyndi karls og konu feli í sér nauðgun af hálfu karlmanns.

En þrátt fyrir þetta voru brigsl um launakúgun kvenna og „kynbundið“ ofbeldi helstu kennisetningar í prédikun æðstuprestanna á umræddri messu í kvenfrelsunarkirkjunni.

Það var eftirtektarvert að sjá þarna sprenglærðar og gáfaðar konur steyta hnefa og orga „fokking feðraveldi,“ svo boðskapurinn á skollaensku næði áreiðanlega eyrum alheimsins.

Er þetta háttalag og málflutningur orðið einkenni íslenskra kvenna? Í hönd sér leiddu þessar gáfukonur dætur, dætra- og sonadætur, sem þær vígja inn í kvenfrelsunarkirkjuna.

En hvernig ætli drengirnir skynji og hugsi? Hvaða áhrif hefur þessi karlfjandsamlega áróðursmúgsefjun á þá? Hvernig ætli mæðurnar útskýri boðskap kirkjunnar fyrir þeim?

Það vakti eftirtekt, að „kvárar“ (eða eru það klárar?), síðasti útvöxtur kvenfrelsunarkirkjunnar og hugmyndafræðinga þeirra, tók nú þátt í mótmælum gegn feðraveldinu af fullum þunga.

En líklega kemur lausnarorðið frá rosnum herra á elliheimili. Hann segði nefnilega, þegar tíðindakona fréttastofu RÚV innti hann eftir ráðum til ungra karla í dag, að þeir ættu að hlýða konum sínum og vera þeim eftirlátir.

En það hafa heilbrigðir karlar reyndar iðulega gert og verið frá stofnun feðraveldisins, vakað yfir velferð ástkvenna og dætra. En karlar týna nú tölunni eða láta ýta sér út fyrir hliðarlínu á kynjavígvellinum. Þeim hefnist fyrir syndir feðranna.

Þeir tímar nálgast óðfluga, að konur muni stjórna alheimsheimilinu í systurlegum kærleiksanda. Því nú stefnir Alheimsefnahagsráðið (samtök alheimsauðvaldsins) og Sameinuðu þjóðirnar (komið á koppinn af sömu öflum) að því að valdefla konur og dætur þeirra enn frekar. Katrín Jakobsdóttir og stjórn hennar eru afskaplega hrifin.

Áfram stelpur af öllum kynjum. Þið þorið, getið og viljið!